



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Drög að ákvörðun

**Endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu
fyrir ljóslínur í götuskápa (Markaður
4/2008) og ljóslínur í aðgangsneti
(Markaður 6/2008)**

Málsnúmer: 2018040002

11. mars 2019

EFNISYFIRLIT

	Bls.
1 Inngangur	3
2 Grundvöllur verðkvaðar á ljóslínunum	3
2.1 Ákvörðun PFS nr. 8/2014	3
2.2 Ákvörðun PFS nr. 21/2014	4
3 Ákvörðun PFS nr. 24/2017 um endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir ljóslínur í götuskápa og ljóslínur í aðgangneti	6
4 Bréfaskipti við Mílu	6
5 Kostnaðargreining Mílu og afstaða PFS	8
5.1 Almenn	8
5.2 Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar	8
5.3 Rekstrarkostnaður	8
5.3.1 Kostnaðargreining Mílu	8
5.3.2 Afstaða PFS	9
5.4 Fjárfestingarkostnaður	10
5.4.1 Kostnaðargreining Mílu	10
5.4.2 Afstaða PFS	11
5.5 Fjöldi línuígilda	13
5.5.1 Kostnaðargreining Mílu	13
5.5.2 Afstaða PFS	13
5.6 Stofngjöld	14
5.7 Útreikningur leiguverðs	14
5.7.1 Kostnaðargreining Mílu	14
5.7.2 Afstaða PFS	14
5.8 Niðurstaða PFS	15

1 Inngangur

- 1) Verðskrá Mílu ehf. (Mílu) fyrir ljóslínur sem hér er til umfjöllunar byggir á þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 8/2014 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína, dags. 6. maí 2014 og nr. 21/2014 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á mörkuðum fyrir heildsöluaðgang að föstum aðgangsnæti og breiðbandsaðgang í heildsölu, dags. 13. ágúst 2014.
- 2) Þær ljóslínur sem um ræðir og falla undir verðkvaðir eru annars vegar ljóslínur í aðgangsnæti, einn þráður og eitt par og hins vegar ljóslínur í götuskápa, 1 til 4 þráðir.
- 3) Í samræmi við ákvarðanir PFS nr. 8/2014, 21/2014 og 24/2017¹ er heildsölugjaldskrá Mílu fyrir ljóslínur nú endurskoðuð með uppfærslu á kostnaðarlíkani Mílu með gögnum úr bókhaldi Mílu fyrir árið 2017.
- 4) PFS efndi til innanlandssamráðs um frumdrög að þessari ákvörðun þann 21. desember 2018 og lauk því þann 23. janúar 2019. Engar athugasemdir bárust stofnuninni í samráðinu.
- 5) Í eftirfarandi köflum er farið nánar yfir lagaforsendur, aðferðafræði og útreikninga sem leiddu til niðurstöðu PFS. Texti ákvörðunardraganna lýsir fyrirhugaðri afstöðu PFS sem getur tekið breytingum þar til endanleg ákvörðun er tekin, m.a. vegna athugasemda frá hagsmunaaðilum. Lesa ber orðalag draganna í því samhengi.

2 Grundvöllur verðkvaðar á ljóslínum

2.1 Ákvörðun PFS nr. 8/2014

- 6) Með vísan til 17. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, ásamt síðari breytingum, greindi PFS heildsölumarkað fyrir lúkningarluta leigulína (markað 6/2008) og var niðurstaða PFS birt í ákvörðun stofnunarinnar nr. 8/2014 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína þann 6. maí 2014.
- 7) Ljóslínur í aðgangsnæti (svartur ljósleiðari án endabúnaðar) tilheyrja þessum markaði eins og fram kemur í kafla 2.6 í Viðauka A við ákvörðun PFS nr. 8/2014.
- 8) Með hliðsjón af markaðsskilgreiningu og greiningu á samkeppni á heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína og í samræmi við 2. mgr. 17. gr. sbr. 18. gr. laga um fjarskipti ákvað PFS að útnefna Mílu áfram með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði.
- 9) Í samræmi við 27. gr. laga um fjarskipti ákvað PFS að viðhalda kvöðum um eftirlit með gjaldskrá á Mílu vegna útnefningar fyrirtækisins með umtalsverðan markaðsstyrk á þessum markaði. Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga lagði PFS kvöð á Mílu um að gjaldskrá vegna heildsöluþjónustu fyrir lúkningarluta leigulína fyrirtækisins væri kostnaðarviðmiðuð. Við ákvörðun verðs fyrir lúkningarluta leigulína skal Míla beita kostnaðargreiningaraðferð sem byggir á sögulegum kostnaði sem er heimfærður á viðkomandi þjónustur (HCA FAC).
- 10) Við framkvæmd kostnaðargreiningar sinnar skal Míla byggja á IV. kafla reglugerðar nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskipta-fyrirtækja, s.s. um mat

¹Endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir ljóslínur í götuskápa (Markaður 4/2008) og ljóslínur í aðgangsnæti (Markaður 6/2008), dags. 15. nóvember 2017.

rekstrarfjármuna, líftíma og ávöxtunarkröfu. Jafnframt skal tekið tillit til afstöðu PFS sem fram kom um forsendur og útreikninga í ákvörðun stofnunarinnar nr. 34/2011 varðandi kostnaðargreiningu fyrir lúkningarluta leigulína.

11) Í ákvörðuninni kom fram að kostnaðargreining Mílu fyrir heildsölugjaldskrá lúkningarluta leigulína, skyldi byggja á eftirfarandi meginforsendum:

- Heimfærsla kostnaðar skal byggja á bókhaldslegum aðskilnaði aðgangsnets, eignabókhaldi Mílu og kostnaði úr bókhaldskerfi Mílu þar sem rekstrarkostnaður í aðgangsneti er skráður á bókhaldslykla.
- Nota skal afskriftaraðferð sem endurspeglar nýtingarvirði eignar.
- Beita skal árgreiðsluáðferð til að reikna árlegan fjárfestingarkostnað.
- Línufjöldi skal reiknaður m.t.t. línuígilda.
- Fanga skal kostnað aðgangsnetsins, þ.m.t. hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, stjórnun, upplýsingatækni og yfirstjórn í samræmi við bókhaldslegan aðskilnað.
- Miða skal við raun ávöxtunarkröfu sem byggist á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar² (WACC real) af fjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu, þar sem áhættuálag endurspeglar áhættu sem tengist starfsemi á viðkomandi markaði.
- Meðaltals einingarkostnaður fyrir landið allt skal vera reiknaður út frá heimfærðum rekstrar- og fjárfestingarkostnaði deilt á línufjölda eða ígildi þeirra.

12) Við ákvörðun gjaldskrár skal Míla byggja á framangreindum meginforsendum við kostnaðargreiningu sína.

2.2 Ákvörðun PFS nr. 21/2014

13) Með ákvörðun PFS nr. 21/2014, dags. 13. ágúst 2014, útnefndi PFS Mílu sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir heildsöluáðgang að föstum aðgangsnetum (Markaður 4/2008) og markaði fyrir breiðbandsaðgang í heildsölu (Markaður 5/2008).

14) Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga lagði PFS kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá vegna heildsöluáðgangs að föstum kopar aðgangsnetum fyrirtækisins ásamt tengdri aðstöðu, en PFS lagði ekki gjaldskrárkvöð á ljósleiðaraheimtaugar Mílu.

15) Í málsgreinum 762 og 764 ákvörðunarinnar kemur fram að Míla skuli útbúa *gjaldskrá fyrir ljósleiðara frá símsstöð að götuskáp*. Um væri að ræða gjaldskrá fyrir ljósþræði sem nýttir eru fyrir bitastraumsþjónustu með VDSL tækni. Í samræmi við 4. mgr. 32. gr. laga um fjarskipti, skal gjaldskrá fyrir viðkomandi aðgang að ljóslínunum í götuskáp vera kostnaðarviðmiðuð.

16) Í 770. mgr. ákvörðunarinnar kom ennfremur fram að kostnaðargreining Mílu skuli ná yfir aðgang að koparheimtaugum, hluta koparheimtauga og *ljósleiðurum í götuskáp*, auk aðgangs að tengdri aðstöðu, s.s. götuskápum. Í ákvörðuninni var tilgreint að kostnaðargreining Mílu skyldi byggja á eftirfarandi meginforsendum:

² Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 564/2011 ákvarðar PFS árlega ávöxtunarkröfu fjármagns (WACC) sem fjarskiptafyrirtæki skulu miða við í útreikningum sínum.



Trúnaðarskjal

- Kostnaðargrunnur skal vera sögulegur kostnaður (HCA) Mílu sem byggir á síðast liðnu fjárhagsári hverju sinni.
- Aðferðarfræðin skal byggjast á því að allur kostnaður sé heimfærður á viðkomandi þjónustu (FAC).
- Heimfærsla kostnaðar byggir á bókhaldslegum aðskilnaði heimtaugaleigu, eignabókhaldi Mílu og kostnaði úr bókhaldskerfi Mílu þar sem rekstrarkostnaður er skráður á bókhaldslykla.
- Við mat fjárfestingar skal byggja á bókfærðu virði rekstrarfjármuna í eignabókhaldi Mílu, þar sem stofnverð fjárfestinga er framreiknað til verðlags þess árs sem verið er að greina hverju sinni.
- Nota skal afskriftaraðferð sem endurspeglar nýtingarvirði eignar.
- Beita skal árgreiðsluaðferð til að reikna árlegan fjárfestingarkostnað.
- Línufjöldi skal reiknaður m.t.t. línúgilda þar sem tekið er tillit til framangreindra breytinga á skilgreiningu á aðgangi við mat á línúgildum.
- Fanga skal kostnað heimtauganetsins, þ.m.t. hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, stjórnun, upplýsingatækni og yfirstjórn í samræmi við bókhaldslegan aðskilnað.
- Miða skal við raun ávöxtunarkröfu sem byggist á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar³ (WACC real) af fjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu, þar sem áhættuálag endurspeglar áhættu sem tengist starfsemi á viðkomandi markaði.
- Tekið skal tillit til veltufjárbindingar sem nemur meðalstöðu birgða vegna reksturs og uppbyggingar aðgangsnetsins.
- Meðaltals einingarkostnaður fyrir landið allt er reiknaður út frá heimfærðum rekstrar- og fjárfestingarkostnaði deilt á línufjölda eða ígildi þeirra.

17) Gjaldskrá Mílu skal endurskoðuð árlega í samræmi við árlega uppfærslu kostnaðargreiningarinnar.

³ Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 564/2011 ákvarðar PFS árlega ávöxtunarkröfu fjármagns (WACC) sem fjarskiptafyrirtæki skulu miða við í útreikningum sínum.

3 Ákvörðun PFS nr. 24/2017 um endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir ljóslínur í götuskápa og ljóslínur í aðgangsneti

18) Í samræmi við ákvarðanir PFS nr. 8/2014 og 21/2014 lagði Míla fram kostnaðargreiningu fyrir ljóslínur í aðgangsneti og ljóslínur í götuskápa þann 23. desember 2015. Kostnaðargreiningin var byggð á sögulegum kostnaði ársins 2014. Sú greining var síðar uppfærð með rekstrartölum frá árinu 2016 og fjárfestingum til ársins 2016.

19) Núverandi heildsölugjaldskrá Mílu fyrir ljóslínur í götuskápa og ljóslínur í aðgangsneti byggir því á rekstrarárinu 2016 og var ákvörðuð með ákvörðun PFS nr. 24/2017, dags 15. nóvember 2017. Gjaldskráin er sem hér segir:

Þjónusta	Verð á mán.
Ljóslína í aðgangsneti, einn þráður	13.717 kr.
Ljóslína í aðgangsneti, eitt par	19.595 kr.
Ljóslína í götuskáp, 1 þráður	6.858 kr.
Ljóslína í götuskáp, 2 þræðir	9.798 kr.
Ljóslína í götuskáp, 3 þræðir	12.737 kr.
Ljóslína í götuskáp, 4 þræðir	15.676 kr.

20) Stofngjald fyrir uppsetningu á ljóslínu í aðgangsneti er 96.680 kr.

21) Verð eru án vsk.

4 Bréfaskipti við Mílu

22) Í tölvupósti til Mílu, dags. 13. apríl 2018, minnti PFS á að í ákvörðun PFS nr. 24/2017 um endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir ljóslínur í götuskápa (Markaður 4/2008) og ljóslínur í aðgangsneti (Markaður 6/2008) væri gert ráð fyrir uppfærslu á kostnaðarlíkani fyrir ljóslínur með gögnum frá 2017. Í svari Mílu þann sama dag óskaði Míla eftir fresti til að skila inn kostnaðarlíkaninu vegna vinnu við aðrar kostnaðargreiningar. PFS samþykkti þá beiðni Mílu í ljósi þess að frestur til að skila inn gögnum vegna bókhaldslegan aðskilnað var í maí 2018.

23) Þann 7. maí 2018 lagði Míla fram kostnaðargreiningu fyrir ljóslínur í aðgangsneti. Fram kom hjá Mílu að í öllum meginatriðum væri einungis um uppfærslu á kostnaðarlíkaninu að ræða. Sú breyting hefði verið gerð frá fyrri greiningu að nú væri miðað við að fjölgun á ljósþráðum verði [...] ⁴ í stað [...], en miðað væri við þá fjölgun sem hefði orðið á síðustu tveim árum. Gerð væri spá um fjölgun á þessu ári. Hlutdeild ljósheimtauga í kostnaðargrunni fyrir ljóslína væri áfram metin 20%, en í stað þess að miða við sömu prósentu fjölgun og á sl. ári eins og gert hefði verið í fyrri líkani væri gert ráð fyrir að einungum fjölgi jafnmikið næstu 12 mánuði og fjölgunin hafði verið á tímabilinu janúar 2017 til apríl 2018 (á ársgrundvelli). Ástæðan fyrir breytingunni væri sú að Míla gerir ráð fyrir í spám sínum að ljósheimtaugum fjölgi [...] eða að jafnaði um á bilinu [...] til [...] á mánuði. Niðurstaða greiningar væri óveruleg hækkun á mánaðargjaldi fyrir ljóslínur í aðgangsneti.

⁴ Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að neðan.



Trúnaðarskjal

- 24) Í tölvupósti PFS, dags. 30. nóvember 2018, óskaði PFS eftir skýringum á skiptingu rekstrarkostnaðar og hækkun á rekstrarkostnaði milli ára. Einnig óskaði PFS eftir skýringum á fráviki í útreikningum á línuígildum frá fyrri greiningu.
- 25) Þann 4. desember 2018 lagði Míla fram ítarlegri greiningu á rekstrarkostnaði og samanburði milli ára sem og útskýringum á skiptingu rekstrarkostnaðar og útreikningum á línuígildum.
- 26) Í tölvupósti PFS, dags. 10. desember 2018, óskaði stofnunin eftir skýringu á ósamræmi í fjárfestingu sem tilgreind var í kostnaðargreiningu ljóslína borið saman við upplýsingar sem PFS hafði undir höndum um bókhaldslegan aðskilnað.
- 27) Í tölvupósti frá Mílu, dags. 11. desember 2018, kom fram að ósamræmið stafi af nokkrum þáttum. Stærsti þátturinn sé innanhússlagnir en þeim hafi verið sleppt í kostnaðargreiningunni þar sem þær tilheyri ljósheimtaugum. Hins vegar hafi komið í ljós villa í útreikningunum fyrir ljóslínur í aðgangsneti vegna þess hvernig fjárfestingaverk væru bókuð og hygðist Míla leggja fram leiðrétta greiningu þegar búið væri að fara yfir gögnin. Þann sama dag lagði Míla síðan fram leiðrétta kostnaðargreiningu ásamt ítarlegri greiningu á skiptingu fjárfestinga. Með þessari lagfæringu lækkaði fjárfestingakostnaður fyrir árið 2017 sem tilheyrir ljóslínum. Þetta er sú greining sem niðurstaða PFS byggir á.

5 Kostnaðargreining Mílu og afstaða PFS

5.1 Almennt

28) Í köflum 5.2 til 5.8 hér á eftir gefur að líta forsendur og niðurstöðu ákvörðunar PFS varðandi þá kostnaðargreiningu, sem hér er til meðferðar. Fjallað er um helstu þætti sem PFS telur mikilvæga sem forsendur fyrir afstöðu stofnunarinnar við útreikning gjaldskrár fyrir leigu á ljóslínunum í aðgangsneti og ljóslínunum í götuskápa. Umræddir þættir eru eftirfarandi:

- Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar
- Rekstrarkostnaður
- Fjárfestingarkostnaður
- Fjöldi línúígilda
- Stofngjöld
- Útreikningur leiguverðs

29) Í kafla 5.8 er niðurstaða PFS dregin saman í stuttu máli áður en til ákvörðunarorða kemur.

30) Afstaða PFS byggir á heimild stofnunarinnar í fjarskiptalögum og vísast þá helst til 32. gr. um eftirlit með gjaldskrá og 31. gr. um bókhaldslegan aðskilnað, ásamt ákvörðunum PFS nr. 8/2014, 21/2014 og 24/2017.

31) Míla hefur lagt fram lýsingu á kostnaðarbókhaldbók fyrirtækisins ásamt skýrslu frá óháðum endurskoðanda. Þá hefur Míla lagt fram greiningu á kostnaði vegna leigu fyrirtækisins á ljóslínunum í aðgangsneti og ljóslínunum í götuskápa. Niðurstaða PFS byggir á kostnaðargreiningu Mílu frá 12. desember 2018.

5.2 Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar

32) Í útreikningum sínum miðar Míla við 7,1% vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) fyrir árið 2017. Það er í samræmi við tilmæli PFS, sbr. kostnaðargreiningu Mílu fyrir koparheimtaugar.

5.3 Rekstrarkostnaður

5.3.1 Kostnaðargreining Mílu

33) Í kostnaðargreiningu Mílu miðast rekstrarkostnaður við gjaldfærðan rekstrarkostnað. Í þeirri uppfærslu á kostnaðarlíkani Mílu sem niðurstaða PFS byggir á er miðað við rekstrarkostnað ársins 2017.

34) Eins og í síðustu kostnaðargreiningu hefur Míla þurft að meta þann hluta rekstrarkostnaðar sem tilheyrir beint ljósheimtaugum þar sem tekjur og gjöld vegna ljósleiðarakerfis Mílu í Aðgangsneti eru færð á eina afkomueiningu. Í kostnaðargreiningunni er rekstrarkostnaður vegna síðasta leggs ljósheimtauga ekki meðtalinn með kostnaði (sá hluti sem tengist eingöngu einu heimili). Rekstrarkostnaður vegna ljósstofna (sá hluti sem er á lagnaleið sem er samnýtt) sé meðtalinn, því sama lagnaleið geti verið nýtt fyrir ljóslínu til fyrirtækis og fyrir PON-netið. Hluti af mánaðargjaldi ljósheimtauga sé dregin frá heildarkostnaði

greiningarinnar til að leiðrétta þetta. Míla miðar við að 20% af leiguverði ljósheimtaugar tilheyri þeirri leið.

35) Í greiningu Mílu er sameiginlegum kostnaði skipt í sama hlutfalli og rekstrarkostnaði í hvorum flokkunum fyrir sig en kostnaði sem er háður tekjum er skipt í sama hlutfalli og tekjurnar.

36) Rekstrarkostnaður vegna ársins 2017 skiptist þannig:

Skipting 2017	Sameiginl.- kostnaður	Samtals
Ljósheimtaugar sérgreindur kostnaður..	[...]	[...]
Ljósínur.....	[...]	[...]
Sameignlegur kostnaður.....	[...]	[...]
Kostnaður háður tekjum.....	[...]	[...]
Samtals	[...]	[...]

37) Vegna þess hve rekstrarkostnaðurinn hefur aukist mikið milli 2016 og 2017 óskaði PFS eftir nánari útskýringum á því í tölvupósti, dags. 30. nóvember 2018.

38) Í tölvupósti, dags. 4. desember 2018, lagði Míla fram eftirfarandi skýringar ásamt gögnum sem sýna nánari skiptingu á kostnaði:

„Ástæðan fyrir því hvers vegna rekstrarkostnaðurinn hækkar svo mikið er sú að á árinu 2016 var óvenju lítill sameiginlegur kostnaður bókaður á ljóslínur, eða aðeins [...] m.kr. á móti [...] m.kr. á árinu 2017. Við höfum endurmetið útdelinguna eftir því sem ljósleiðaravæðingunni vindur fram og nú tekur ljósið á sig meiri sameiginlegan kostnað en áður.

Ljóslínur	2017	2016	Hækkun	Í %
Ljósheimtaugar sérgreindur kostnaður.	[...]	[...]	[...]	[...]
Ljósínur.....	[...]	[...]	[...]	[...]
Sameignlegur kostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]
Kostnaður háður tekjum.....	[...]	[...]	[...]	[...]
Samtals	[...]	[...]	[...]	[...]

”

5.3.2 Afstaða PFS

39) Míla hefur lagt fram upplýsingar um rekstrarkostnað ljóslína í aðgangsneti (svartan ljósleiðara) og ljóslína í götuskáp (bakfæðingarljóslína) félagsins á árinu 2017. PFS hefur til samanburðar rekstrarkostnað árána 2014 og 2016. PFS byggir á framlögðum upplýsingum Mílu við mat sitt. Einnig byggir PFS á gögnum sem sýna upplýsingar um aðgreiningu í rekstri Mílu í samræmi við kvöð um bókhaldslegan aðskilnað.

40) Eins og fram kemur hér að framan þá hefur rekstrarkostnaðurinn hækkað mikið milli 2016 og 2017. Eins og Míla bendir á þá er stór hluti þessarar hækkunar á rekstrarkostnaði, hækkun á sameiginlegum kostnaði ljóslína og ljósheimtauga.

41) Við samanburð á rekstrarkostnaði Mílu fyrir árin 2016 og 2017 kemur í ljós að nokkrir liðir í sameiginlegum kostnaði fyrir árið 2017 voru ekki tilgreindir fyrir árið 2016 sem bendir til þess að sameiginlegur kostnaður fyrir árið 2016 hafi verið vanáætlaður. Með aukinni ljósleiðaravæðingu sem sést í fjölgun tenginga hefur kostnaður aukist sem og vægi ljósheimtauga og ljóslína í sameiginlegum kostnaði Mílu og því hefur Míla nú endurmetið hlutdeild þessa þjónustupátta í sameiginlegum kostnaði. Einnig hefur Míla endurmetið

skiptingu á kostnaði milli ljósheimtauga, ljóslína og sameiginlegs kostnaðar. Dæmi um það er hýsing sem áður var skipt með föstu prósentu-hlutfalli milli ljósheimtauga og ljóslína en er nú flokkað sem sameiginlegur kostnaður. Þar með verður skiptingin háð umfangi hvors þjónustubáttar. Annað dæmi er jöfnunargjaldið sem áður var skipt með föstu prósentu-hlutfalli en er nú skipt í hlutfalli við veltu sem er í samræmi við tilurð þess kostnaðar.

42) PFS telur að Míla hafi lagt fram fullnægjandi skýringar á einstökum þáttum og skiptingu rekstrarkostnaðar. Niðurstaða PFS er því að sá rekstrarkostnaður Mílu á árinu 2017 vegna ljóslína í aðgangneti (svartan ljósleiðara) og ljóslína í götuskáp (bakfæðingarljóslína) sem lagður er til grundvallar útreikningi á mánaðargjöldum félagsins nemi samtals [...] milljónum kr.

5.4 Fjárfestingarkostnaður

5.4.1 Kostnaðargreining Mílu

43) Í síðustu kostnaðargreiningu Mílu var gerð ítarleg grein fyrir fjárfestingakostnaði fram til ársins 2016. Fyrirliggjandi uppfærsla á samþykktu kostnaðarlíkani Mílu byggir á sama fjárfestingastofni og hefur eingöngu verið bætt við fjárfestingum ársins 2017.

44) Í tölvupósti, dags. 10. desember 2018, óskaði PFS eftir skýringum á fjárfestingum Mílu fyrir árið 2017 vegna samanburðar við gögn um bókhaldslegan aðskilnað.

45) Í svari Mílu, dags. 11. desember 2018, lagði Míla fram lagfærða kostnaðargreiningu ásamt ítarlegri lýsingu á tengingu gagna úr bókhaldslegum aðskilnaði við gögn í kostnaðarlíkaninu.

46) Míla framreiknar fjárfestingar miðað við byggingarvísitölu og er framreiknuð fjárfesting á ljóslínum eftirfarandi, sbr. kostnaðarlíkan Mílu, dags. 11. desember 2018:

Ár	Heildar- fjárfesting	Afskrift v. BB	Afskrifað breiðband	Heimtaug	Stofn	Fyrirtæki	AGS Stofnar	Vísitala	Framreiknað stofnverð
2017	[...]			[...]	[...]	[...]	[...]	663,85	[...]
2016	[...]			[...]	[...]	[...]	[...]	652,82	[...]
2015	[...]			[...]	[...]	[...]	[...]	628,05	[...]
2014	[...]			[...]	[...]	[...]	[...]	602,27	[...]
2013	[...]			[...]	[...]	[...]	[...]	593,17	[...]
2012	[...]			[...]	[...]	[...]	[...]	573,14	[...]
2011	[...]			[...]	[...]	[...]	[...]	539,40	[...]
2010	[...]			[...]	[...]	[...]	[...]	508,51	[...]
2009	[...]			[...]	[...]	[...]	[...]	488,93	[...]
2008	[...]			[...]	[...]	[...]	[...]	428,79	[...]
2007	[...]			[...]	[...]	[...]	[...]	371,56	[...]
2006	[...]			[...]	[...]	[...]	[...]	339,67	[...]
2005	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	313,90	[...]
2004	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	297,94	[...]
2003	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	285,90	[...]
2002	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	276,73	[...]
2001	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	257,54	[...]
2000	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	243,05	[...]
1999	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	235,79	[...]
1998	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	230,59	[...]
1997	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	222,69	[...]
1996	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	212,95	[...]
1995	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	203,38	[...]
1994	[...]					[...]	[...]	197,16	[...]
1993	[...]					[...]	[...]	192,29	[...]
1992	[...]					[...]	[...]	188,28	[...]
1991	[...]					[...]	[...]	183,54	[...]
1990	[...]					[...]	[...]	170,32	[...]

[...]

5.4.2 Afstaða PFS

47) Í ákvörðun PFS nr. 21/2014 kemur fram að við mat fjárfestingar skuli byggja á bókfærðu virði rekstrarfjármuna í eignabókhaldi Mílu, þar sem stofnverð fjárfestinga er framreiknað til verðlags þess árs sem verið er að greina hverju sinni.

48) Í eftirfarandi töflu má sjá samantekt á fjárfestingum Mílu sem tilheyra ljóslínunum í aðgangneti, og ljóslínunum í götuskápa:

Ár	Stofn	Fyrirtæki	AGS Stofnar	Fjárfesting samtals	Vísitala	Framreiknað stofnverð
2017	[...]	[...]	[...]	[...]	663,85	[...]
2016	[...]	[...]	[...]	[...]	652,82	[...]
2015	[...]	[...]	[...]	[...]	628,05	[...]
2014	[...]	[...]	[...]	[...]	602,27	[...]
2013	[...]	[...]	[...]	[...]	593,17	[...]
2012	[...]	[...]	[...]	[...]	573,14	[...]
2011	[...]	[...]	[...]	[...]	539,40	[...]
2010	[...]	[...]	[...]	[...]	508,51	[...]
2009	[...]	[...]	[...]	[...]	488,93	[...]
2008	[...]	[...]	[...]	[...]	428,79	[...]
2007	[...]	[...]	[...]	[...]	371,56	[...]
2006	[...]	[...]	[...]	[...]	339,67	[...]
2005	[...]	[...]	[...]	[...]	313,90	[...]
2004	[...]	[...]	[...]	[...]	297,94	[...]
2003	[...]	[...]	[...]	[...]	285,90	[...]
2002	[...]	[...]	[...]	[...]	276,73	[...]
2001	[...]	[...]	[...]	[...]	257,54	[...]
2000	[...]	[...]	[...]	[...]	243,05	[...]
1999	[...]	[...]	[...]	[...]	235,79	[...]
1998	[...]	[...]	[...]	[...]	230,59	[...]
1997	[...]	[...]	[...]	[...]	222,69	[...]
1996	[...]	[...]	[...]	[...]	212,95	[...]
1995	[...]	[...]	[...]	[...]	203,38	[...]
1994	[...]	[...]	[...]	[...]	197,16	[...]
1993	[...]	[...]	[...]	[...]	192,29	[...]
1992	[...]	[...]	[...]	[...]	188,28	[...]
1991	[...]	[...]	[...]	[...]	183,54	[...]
1990	[...]	[...]	[...]	[...]	170,32	[...]

[...]

49) VDSL væðingu Mílu er að mestu lokið og heldur liðurinn „AGS stofnar“ áfram að lækka milli ára en hins vegar hefur verið vöxtur í ljóslínum til fyrirtækja. Mikil aukning er í fjárfestingu á heimtaugum en þær fjárfestingar eru aðgreindar frá fjárfestingastofni ljóslína á sama hátt og í síðustu kostnaðargreiningu Mílu. Aukning milli ára er töluverð í liðnum sem flokkast sem „Stofn“ en þessi aukning er að einhverju leyti tilkomin vegna aukinnar fjárfestingar í ljósheimtaugum sem mun nýtast einnig fyrir ljóslínur til fyrirtækja.

50) PFS hefur yfirfarið fjárfestingayfirlit Mílu og skiptingu á sameiginlegri fjárfestingu í aðgangsnetinu milli þeirra vara sem tilheyra þessari greiningu og annarra vara, þ.e. ljósheimtauga og koparheimtauga. PFS gerir ekki athugasemd við niðurstöðu Mílu um að fjárfestingastofninn sé metinn [...] milljarðar króna.

5.5 Fjöldi línúgilda

5.5.1 Kostnaðargreining Mílu

51) Við útreikninga á línúgildum miðar Míla við sömu línúgildi og í síðustu kostnaðargreiningu. Vegna mikillar fjölgunar á ljóslínum var í síðustu greiningu tekið tillit til þeirrar þróunar, þ.e. við ákvörðun línúgilda var gert ráð fyrir fjölgun sem næmi prósentu fjölgun frá janúar 2016 til janúar 2017. Áfram er gert ráð fyrir fjölgun en sú breyting er gerð frá fyrri greiningu að nú er miðað við að fjölgun á ljósþráðum verði [...] í stað [...], en miðað er við þá fjölgun sem hefur orðið á síðustu tveim árum.

52) Hér að neðan má sjá þróun á fjölda ljóslína frá janúar 2016 til janúar 2018:

Fjöldi 2016-17	Janúar 2016	Janúar 2017	Jan 2018	Fjölgun/ári
Ljóslína í aðgangsneti, einn þráður.....	[...]	[...]	[...]	[...]
Ljóslína í aðgangsneti, eitt par.....	[...]	[...]	[...]	[...]
Ljóslína í aðgangsneti, eitt par innri sala Hraðbr..	[...]	[...]	[...]	
Ljóslína í götuskáp, 1 þráður.....	[...]	[...]	[...]	
Ljóslína í götuskáp, 2 þræðir.....	[...]	[...]	[...]	
Ljóslína í götuskáp, 3 þræðir.....	[...]	[...]	[...]	
Ljóslína í götuskáp, 4 þræðir.....	[...]	[...]	[...]	

53) Við útreikning á línúgildum miðar Míla við áframhaldandi fjölgun á ljóslínum í samræmi við töfluna hér að ofan.

54) Útreiknuð línúgildi eru samkvæmt ofansögðu eftirfarandi:

	Fjöldi apríl 2018	Fjölgun	Áætlaður fjöldi	Ígildisstuðull	Fjöldi
Ljóslína í aðgangsneti, einn þráður.....	[...]	[...]	[...]	0,70	[...]
Ljóslína í aðgangsneti, eitt par.....	[...]	[...]	[...]	1,00	[...]
Ljóslína í götuskáp, 1 þráður.....	[...]	[...]	[...]	0,35	[...]
Ljóslína í götuskáp, 2 þræðir.....	[...]	[...]	[...]	0,50	[...]
Ljóslína í götuskáp, 3 þræðir.....	[...]	[...]	[...]	0,65	[...]
Ljóslína í götuskáp, 4 þræðir.....	[...]	[...]	[...]	0,80	[...]

55) Samkvæmt ofansögðu er fjöldi ígildislína [...].

56) Á sama hátt og í síðustu greiningu er dregið frá niðurstöðunni, áætlaðar tekjur samnýtingar ljóslína með PON-netinu. Gert er ráð fyrir að 20% kostnaðar sé vegna leiðar frá ljósdeilum/götuskápum að símsstöð.

5.5.2 Afstaða PFS

57) Míla miðar við sömu línúgildisstuðla og núverandi gjaldskrá byggir á. Í stað þess að byggja á núverandi fjölda seldra tenginga gerir Míla ráð fyrir fjölgun í samræmi við þá þróun sem hefur verið undanfarin ár.

58) PFS gerir ekki athugasemd við að Míla taki tillit til þeirrar þróunar á fjölda seldra ljóslína sem verið hefur við áætlun um fjölda línúgilda þegar horft er til mikils fastakostnaðar vegna uppbyggingar ljósleiðaranetsins.

5.6 Stofngjöld

59) Kostnaðargreining Mílu gerir ekki ráð fyrir breytingu á stofngjaldi fyrir ljóslínur í aðgangsneti. Stofngjaldið er 96.680 kr. og koma tekjur af stofngjaldi til frádráttar þeim kostnaðargrunni sem liggur til grundvallar við útreikning á mánaðargjöldum.

5.7 Útreikningur leiguverðs

5.7.1 Kostnaðargreining Mílu

60) Niðurstaða útreikninga Mílu samkvæmt ofansögðu er eftirfarandi:

Fjárfestingar.....	[...]
Árgreiðsla.....	[...]
Kostnaður.....	[...]
Stofngjöld og úts þjón.....	[...]
	[...]
Tekjur af ljósheimtaugum	[...]
	[...]
Fjöldi ígildislína.....	[...]
Leiguverð eitt par	19.681

61) Eins og fram hefur komið hér að framan er hluti af ljósheimtaugakerfi Mílu (PON kerfið) á sömu leiðum og ljóslínur. Um er að ræða leið frá fyrsta ljósdeili sem er yfirleitt í svipaðri fjarlægð og götuskápur til tækjahúss Mílu þar sem Aðgangsneti og Stofnneti mætast. Í þessari kostnaðargreiningu miðar Míla við að 20% af leiguverði ljósheimtaugar tilheyri þessari leið. Miðað er við núverandi verðskrá Mílu fyrir ljósheimtaugar og áætlaðan fjölda heimtauga að teknu tilliti til fjölgunar. Míla áætla að heildarfjöldi seldra heimtauga í apríl 2019 verði tæpar [...] og eru tekjur af þeim áætlaðar tæpar [...] milljónir kr. eins og kemur fram í töflunni hér að ofan.

62) Leiguverð fyrir ljóslínupar í Aðgangsneti verður því 19.681 kr. á mánuði og hækkar um 0,44% frá gildandi verði.

63) Verðskrá verður eftirfarandi:

	Verð nú	Verð áður	Hækkun
Ljósína í aðgangsneti, einn þráður.....	13.777	13.717	0,43%
Ljósína í aðgangsneti, eitt par.....	19.681	19.595	0,44%
Ljósína í götuskáp, 1 þráður.....	6.888	6.858	0,44%
Ljósína í götuskáp, 2 þræðir.....	9.840	9.798	0,43%
Ljósína í götuskáp, 3 þræðir.....	12.793	12.737	0,44%
Ljósína í götuskáp, 4 þræðir.....	15.745	15.676	0,44%

5.7.2 Afstaða PFS

64) Afstaða PFS byggir á því kostnaðarlíkani sem Míla lagði fram þann 11. desember 2018.

65) Meginforsendur uppfærðs kostnaðarlíkans Mílu eru eftirfarandi:

- Rekstrarkostnaður er grundvallaður á rekstri ársins 2017.

- Fjárfestingar voru framreiknaðar með byggingarvístölu til meðalverðlags ársins 2017.
- Einingarfjöldi er miðaður við áætlun um fjölgun fram til apríl 2019, út frá þróun á einu ári og fjölda línuígilda í apríl 2018.
- Ávöxtunarkrafa fjármagns (WACC) er 7,1%.

66) Í ákvörðun PFS nr. 24/2017 samþykkti PFS kostnaðarlíkan Mílu til útreikninga á leiguverði fyrir aðgang að ljóslínunum í götuskápa og ljóslínur í aðgangsneti. Í ákvörðuninni var jafnframt kveðið á um að Míla skildi uppfæra kostnaðargreininguna með nýjum rekstrartölum og leggja fram á þessu ári.

67) Fyrirliggjandi greining Mílu er í meginráttum byggð upp á sama hátt og sú kostnaðargreining sem PFS samþykkti með ákvörðun nr. 24/2017. Þrátt fyrir hækkun á kostnaði er hækkun einingaverða lítil og töluvert undir almennum verðhækkunum á tímabilinu. Það skýrist helst af fjölgun ígilda sem reiknað er með í útreikningum Mílu.

68) Í samræmi við það sem fram kemur hér að ofan samþykkir PFS niðurstöðu Mílu um rekstrarkostnað, árgreiðslur fjárfestinga, stofngjöld og mánaðargjöld vegna ljóslína í aðgangsneti (einn þráð og eitt par) og ljóslína í götuskápa (eins til fjögurra þráða). Niðurstaða kostnaðarlíkansins er að mánaðarverð fyrir eitt ljósleiðarapar skuli vera 19.681 kr. og verður þá mánaðarverðið fyrir einn ljósþráð 13.777 kr.

5.8 Niðurstaða PFS

69) Í ákvörðun PFS nr. 8/2014 lagði stofnunin kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá fyrir ljóslínur í aðgangsneti (einn þráð og eitt par) og í ákvörðun PFS nr. 21/2014 lagði stofnunin kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá fyrir ljóslínur í götuskápa, (1 til 4 þræðir), með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga. Í samræmi við 4. mgr. 32. gr. sömu laga, var kveðið á um að gjaldskrá Mílu fyrir þessar vörur skyldi vera kostnaðarviðmiðuð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

70) Í samræmi við ákvarðanir PFS lagði Míla fram kostnaðargreiningu fyrir ljóslínur í aðgangsneti og ljóslínur í götuskápa þann 7. maí 2018. Kostnaðargreiningin var byggð á sögulegum kostnaði ársins 2017.

71) Í framhaldi af ábendingum PFS lagði Míla fram leiðrétt eintak af kostnaðargreiningunni þann 11. desember 2018, og er það sú greining sem PFS byggir niðurstöðu sína á.

72) PFS samþykkir kostnaðarlíkan Mílu frá 11. desember 2018. Í eftirfarandi töflu má sjá nýja gjaldskrá samkvæmt niðurstöðu úr kostnaðarlíkaninu ásamt samanburði við núverandi gjaldskrá Mílu:

Þjónusta	Verð nú	Verð áður	Hækkun
Ljóslína í aðgangsneti, einn þráður	13.777	13.717	0,43%
Ljóslína í aðgangsneti, eitt par	19.681	19.595	0,44%
Ljóslína í götuskáp, 1 þráður	6.888	6.858	0,44%
Ljóslína í götuskáp, 2 þræðir	9.840	9.798	0,43%
Ljóslína í götuskáp, 3 þræðir	12.793	12.737	0,44%
Ljóslína í götuskáp, 4 þræðir	15.745	15.676	0,44%

73) Ofangreind verð eru mánaðarverð án vsk.

74) Stofngjald fyrir uppsetningu á ljóslínu í aðgangsneti verður óbreytt 96.680 kr. án vsk. Ef samband samanstendur af ljóslínu í aðgangsneti og stofnlínu mun Míla innheimta hálf

stofngjald fyrir ljóslínu í aðgangsneti, 48.340 kr. og stofngjald fyrir stofnlínu 96.386 kr. eða alls 144.726 kr. Ef um er að ræða eina stofnlínu og tvær ljóslínur í aðgangsneti er gjaldið 193.066 (96.386 + 2*48.340).

75) PFS hefur nú hafið markaðsgreiningu á mörkuðum 3a og 3b samkvæmt nýjum tilmælum ESA frá 2016 um skilgreiningu á heildsölumörkuðum fjarskiptaþjónustu en þessir markaðir taka til svipaðrar þjónustu og markaðir 4/2008 og 5/2008. Þá hyggst PFS fljótlega hefja markaðsgreiningu á markaði 4 samkvæmt nýjum tilmælum ESA frá 2016 en sá markaður tekur til svipaðrar þjónustu og markaður 6/2008. Eftir að stofnunin hefur greint þessa markaði mun verða tekin ákvörðun um hvort viðhalda eigi þeim kvöðum sem nú eru á Mílu í samræmi við ákvarðanir PFS nr. 8/2014 og 21/2014. PFS áætlar að drög að ákvörðun vegna markaðsgreiningar á mörkuðum 3a og 3b fari í innanlandssamráð í júní á þessu ári en í nóvember eða desember vegna markaðs 4.

76) Þar til nýjar ákvarðanir liggja fyrir gilda ákvarðanir PFS nr. 8/2014 og nr. 21/2014 um framkvæmd kvaða um eftirlit með gjaldskrá fyrir ljóslínur í aðgangsneti og ljóslínur í götuskápa. Í ákvörðunum PFS nr. 8/2014 og nr. 21/2014 kemur fram að gjaldskráin skuli endurskoðuð árlega í samræmi við árlega uppfærslu kostnaðargreiningarinnar samkvæmt því kostnaðarlíkani sem PFS hefur samþykkt. Út frá sjónamiðum um meðalhóf þarf PFS hins vegar einnig að taka tillit til vinnu Mílu við aðrar kostnaðargreiningar. Í samræmi við það skal Míla leggja fram uppfærslu á kostnaðarlíkaninu fyrir 1. október 2019 eða á sama tíma og félagið skal leggja fram uppfærð kostnaðarlíkon fyrir koparheimtaugar og bitastraum.

Ákvörðunarorð

1) Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir kostnaðargreiningu Mílu ehf., samkvæmt síðustu uppfærslu á greiningunni sem barst stofnuninni þann 11. desember 2018.

2) Eftirfarandi verðskrá skal gilda um þjónustu Mílu:

Þjónusta	Verð á mán.
Ljós lína í aðgangsneti, einn þráður	13.777 kr.
Ljós lína í aðgangsneti, eitt par	19.681 kr.
Ljós lína í götuskáp, 1 þræður	6.888 kr.
Ljós lína í götuskáp, 2 þræðir	9.840 kr.
Ljós lína í götuskáp, 3 þræðir	12.793 kr.
Ljós lína í götuskáp, 4 þræðir	15.745 kr.

3) Verð eru án vsk.

4) Stofngjald fyrir uppsetningu á ljóslínu í aðgangsneti er 96.680 kr. án vsk.

5) Míla ehf. skal tilkynna um gildistöku hinnar nýju verðskrár með a.m.k. 60 daga fyrirvara. Hin nýja verðskrá Mílu ehf. skal taka gildi samtímis nýrri gjaldskrá Mílu fyrir aðgang að koparheimtaugum. Verðskráin skal verða hluti af viðmiðunartilboði félagsins fyrir heildsöluaðgang að heimtaugum og viðmiðunartilboð leigulína við gildistöku ofangreindra verðbreytinga.

6) Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Reykjavík, xx. xx 2019

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar Þórðarson